

Nd.

## 15. Frumvarp til laga

[15. mál]

um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

### 1. gr.

Á eftir 10. gr. laganna komi ný grein, er verður 11. gr., svo hljóðandi:

Úr ríkissjóði greiðist árlegur rekstrarstyrkur til viðurkenndra almennra sjúkrahúsa bæjar- og sveitarfélaga, og miðast hæð styrksins annars vegar við stærð og búnað sjúkrahúss, en hins vegar við legudagafjölda sjúklinga á sjúkrahúsinu á ári hverju sem hér segir:

1. Sjúkrahús með 20 sjúkrarúmum eða færri: 5 krónur á legudag.
2. Sjúkrahús með yfir 20 sjúkrarúmum, enda veiti því forstöðu sérstakur fastlaunaður sjúkrahúslæknir: 10 krónur á legudag.
3. Sjúkrahús með yfir 100 rúmum, er starfar a. m. k. í tveimur aðaldeildum, lyflækninga- og handlækningadeild, með tilheyrandi sérfróðu læknaliði, enda annar búnaður þess við hæfi: 20 krónur á legudag.

Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir styrkveitingu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, að hlutaðeigandi sjúkrahús tryggja rekstrarafkomu sína með því að taka hæfilegt aukagjald umfram almennt daggjald af sjúklingum frá nágrannasveitarfélögum, er sjúkrahússins hafa not, en hafa sjálf ekki með höndum sérstakan sjúkrahúsrekstur, ella sé sjúkrahúsinu tryggður með samningi hæfilegur árlegur rekstrarstyrkur af hendi slíkra sveitarfélaga.

### 2. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað, og greiðist rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa bæjar- og sveitarfélaga samkvæmt þeim í fyrsta skipti fyrir árið 1953, en samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1954, og þannig áfram.

Þegar lög þessi hafa öðlzt gildi, skal fella 1. gr. þeirra, ásamt 1. gr. laga nr. 33 12. febrúar 1945 með áorðinni breytingu samkvæmt lögum nr. 24 20. apríl 1949, inn í meginmál laga nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl., og gefa þau út að nýju með fyrirsögn: Sjúkrahúsalög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af landlækni að tilhlutun heilbrigðismálaráðuneytisins, og þykir eigi ástæða til frekari athugasemda.